



Reglur er varða notkun sjúkraskráupplýsinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri - Samantekt -

1. Sú meginregla gildir við meðferð heilsufarsupplýsinga á Sjúkrahúsinu á Akureyri að starfsmaður skal **einungis leita eftir þeim upplýsingum um sjúklinga sem hann þarf á að halda í starfi sínu í þágu sjúklingsins** eða í öðrum lögmætum tilgangi og þar sem fyrir liggur að slíkt sé heimilt samkvæmt lögum. Óheimilt er að leita eftir upplýsingum í öðrum tilgangi og sjúklingar eiga rétt á því að starfsmenn skoði ekki gögn er þá varða að nauðsynjalausu.
2. Starfsmaður skal nota eigið aðgangsorð í öllum tilvikum þegar leitað er eftir upplýsingum í rafrænni sjúkraskrá.
3. Óheimilt er að lána öðrum einstaklingum eigið aðgangsorð og starfsmenn bera ábyrgð á öllum aðgangi sem á sér stað á þeirra aðgangsorði.
4. Óheimilt er að nota aðgangsorð annarra við uppflettingar í sjúkraskrá.
5. Það telst eðlileg meðferð aðgangsheimilda að sjúkraskrá að skoða persónuupplýsingar um sjúkling er vistast á skipulagskjarna (deild/sérgrein) þar sem viðkomandi heilbrigðisstarfsmaður vinnur og þarfnast slíkt ekki sérstakra skýringa enda sé notkunin tengd meðferð viðkomandi sjúklings. Starfsmaður sem skoðar og/eða vinnur á annan máta með heilsufarsupplýsingar á SAK skal geta gert grein fyrir tilgangi notkunarinnar þegar þess er krafist.
6. Óski sjúklingur upplýsinga um hver/hverjir hafi skoðað og/eða unnið með heilsufarsupplýsingar sem skráðar hafa verið um hann, ber SAK skylda til að veita umbeðnar upplýsingar. SAK áskilur sér rétt til að gera það án sérstakrar tilkynningar til heilbrigðisstarfsmanns/-manna. Sjúklingurinn getur þannig átt þátt í eftirliti með því hvernig heilsufarsupplýsingar í sjúkraskrá eru nýttar.

Eftirlit

Aðgangur heilbrigðisstarfsmanns að heilsufarsupplýsingum í sjúkraskrá er skráður hverju sinni þannig að hægt er að rekja hverjir hafa farið inn á hverja sjúkraskrá. Sérstök eftirlitsnefnd við Sjúkrahúsið á Akureyri annast eftirlit með því hvernig upplýsingar eru sóttar í tölvukerfi spítalans og hvort það sé í samræmi við gildandi aðgangsheimildir. Komi fram vísbendingar um að aðgangsheimildir hafi verið brotnar er erindi sent til umsjónaraðila sjúkraskráa (framkvæmdastjóra lækninga) til frekari ákvörðunar.

Viðurlög

Komi fram vísbendingar um misnotkun eða háttsemi sem brýtur í bága við lög og reglur um sjúkraskrár, skal það samstundis tilkynnt ábyrgðaraðila sjúkraskráa, auk tilkynningar til landlæknis og/eða lögreglu eftir því sem talið er eiga við í hverju tilviki.